

R21010179

1210

1. júlí 2020.

Fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2022-2026

Til: Sviðsstjóra og skrifstofustjóra í miðlægri stjórnsýslu

Efni: Undirbúningur frumvarps að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 og fimm ára áætlun 2022-2026

Í bréfi þessu er að finna upplýsingar um vinnslu og frágang gagna vegna fjárhagsáætlunar 2022-2026. Vinnsla fjárhagsáætlunar og framsetning sviða og undirstofnana verður í öllum meginatriðum með hefðbundnum hætti.

Skil fjárhagsáætlunar. Skv. tímaáætlun dags. 25. janúar sl. er gert ráð fyrir að gögnum vegna fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022-2026 verði skilað **20. september nk.** Í því felst að öll fjárhagsleg gögn hafi verði innlesin í UBW_Planner/Agresso og fylgigögn send á netfangið *Fjárhagsáætlun* <fjarhagsaaetlun@reykjavik.is> í samræmi við liði I – IV hér á eftir.

Staðfesting fagráða. Gert er ráð fyrir að fagráð staðfesti að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangsörðun og markaða stefnu í málaflokknum fyrir **20. september nk.**

Rammaúthlutun. Samþykkt var tillaga borgarstjóra að fjárhagsrömmum fagsviða og miðlægrar stjórnsýslu á fundi borgarráðs fimmtudaginn 1. júlí sl. sem fylgir með hjálagt. Stjórnendum er með samþykktinni falið að hefja undirbúning og vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2022-2026.

Launaáætlun. Launaáætlanir skulu unnar í **launaáætlunarkerfi SAP Listasmiðju**, skv. nánari lýsingu í viðauka 1 og skilað (lesið) inn í UBW_Planner/Agresso fjárhagskerfi.

Innri gjaldskrár. Í greinargerð með tillögu borgarstjóra að rammaúthlutun dags. 1. júlí sl. er að finna upplýsingar um meðhöndlun á innri gjaldskrá borgarinnar. Gerður er fyrirvari um endanlega niðurstöður **innri leigu** bæði er varðar verð og magn. Skrifstofa áætla og uppgjöra vinnur að endurskoðun leigunnar í samræmi við spá um vísitölu neysluverðs og upplýsir fagsvið um niðurstöður um leið og hún liggur fyrir.

Aðrar innri gjaldskrár skulu taka mið af breytingum á fjárheimildum sem fagsvið fá til ráðstöfunar skv. rammaúthlutun. Sérstaklega er vakin athygli á því að breytingar (hækkanir) á slíkum innri gjaldskrár getur falið í sér að nauðsynlegt er að færa fjárheimildir á milli sviða og er fjármála og áhættustýringarsviði falið að útfæra það skv. fyrirmælum í tillögu að rammaúthlutun.

Fjárfestingaáætlun. Eignaskrifstofa vinnur að undirbúningi fjárfestingaáætlunar og verður í sambandi við sviðin til að yfirfara þarfir og áherslur þeirra. Frekari úrvinnsla og forgangsörðun fer fram í ágúst og september.

Árangursstjórnun. Árangursstjórnun er eitt mikilvægasta stjórnæki Reykjavíkurborgar þegar kemur að framkvæmd og eftirliti með fjárhagsáætlun. Markmið Reykjavíkurborgar á því sviði gera kröfur til sviða um greinargóðar upplýsingar um markmið starfsþátta, forsendur tekna og útgjalda, upplýsingar um áætlaðan fjölda þjónustubega og viðmið um einingakostnað eftir þjónustubáttum. Mikilvægt er að setja mælanleg markmið til að greina árangurinn.

Langtímaáætlun fyrir árin 2022-2026. Fimm ára áætlun verður unnin með hefðbundnum hætti og óskað eftir góðri samvinnu vegna vinnslu hennar. Gert er ráð fyrir að fulltrúar fagsviða komi að mati á þróun málaflokka í efnahagslegu samhengi og óskað eftir góðri samvinnu með það.

Framsetning og skil gagna

Framsetning og efni fjárhagsáætlunar skal byggja á leiðbeiningum skrifstofu áætlana og uppgjors skv. viðaukum 1-4. Skila skal eftirfarandi gögnum á tölvutæku formi á netfangið: fjarhagsaaetlun@reykjavik.is

- I. **Fjárhagsáætlun 2022** sundurliðuð á kostnaðarstaði, bókhaldslykla og mánuði innlesin í UBW_Planner /Agresso fjárhagskerfi. Hægt verður að nota áætlunarbækur í Business Books við vinnslu fjárhagsáætlunar. *Sjá nánar um vinnslu fjárhagsáætlunar í viðauka 1.*
- II. **Greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun 2022-2026.** Stutt en greinargóð samantekt með fjárhagsáætlun 2022-2026, ásamt markmiðum starfsþátta, skorkorti, lykiltölum og helstu magntölum fjárhagsáætlunar í samanburði við rauntölur sl. ára, um 4-8 blaðsíður. *Sjá nánar um vinnslu greinargerðar í viðauka 2.*
- III. **Gjaldskrár.** Nákvæmar gjaldskrár sviðsins þar sem fram komi hækkan einstakra liða á milli ára. *Sjá umfjöllun í viðauka 1.*
- IV. **Milliviðskipti.** Upplýsingar um innri tekjur sviðsins innan A-hluta og B-hluta. *Sjá nánar umfjöllun í viðauka 1.*

Jafnframt er vísað í **Reglur um gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar** sem er að finna hjálagað.

Bestu kveðjur með ósk um velgengni og gott samstarf,



Halldóra Káradóttir,
sviðstjóri.



Erik T.S. Bjarnason,
Sérfræðingur

Afrit:

Borgarstjóri

Formenn fagraða

Borgarritari

Fjármálastjórar fag- og kjarnasviði og miðlægrar stjórnsýslu

Viðaukar:

Viðauki 1: Vinnsla fjárhagsáætlunar

Viðauki 2: Greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun 2022

Fylgiskjöl:

1. Tíma- og verkáætlun, dags. 25. janúar 2021.
2. Reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar, dags. 13. mars 2019
3. Forsendur fjárhagsáætlunar 2022-2026, dags. 22. júní 2020.
4. Tillaga að rammaúthlutun 2022, samþykkt í borgarráði 1. júlí 2021.
5. Leiðbeiningar fjármála- og áhættustýringarsviðs nr. *FMS-LBE-048 Samantekt, úrvinnslu og framsetningu á magntölum.*
6. Form milliviðskipta innan samstæðu Reykjavíkurborgar (Excel-skjal).
7. Skapalón fyrir hækkun á gjaldskrá 2022 (Excel-skjal).
8. Skapalón fyrir greinargerð.

Viðauki 1 - Vinnsla fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun 2022 skal skila niður á kostnaðarstaði, bókhaldslykla og mánuði.

Allar tölur í fjárhagsáætlun 2022 skulu vera í þúsundum króna (þ.kr).

Rekstrarhandbók fjármála- og áhættustýringarsviðs. Ýmsar upplýsingar og leiðbeiningar er að finna í rekstrarhandbók FÁST á innri vef undir „Upplýsingabrunnur - Fjármál – Rekstrarhandbók FÁST – 02 Áætlun og greining“. Ath. að handbókin er aðeins aðgengileg í vafranum *Internet explorer*.

Slóð: <https://innri.reykjavik.is/is/rekstarhandbok-fast>


Frumvarp að fjárhagsáætlun er unnið af fjármála- og áhættustýringarsviði og byggir á gögnum á samræmdu formi, sem lesin hafa verið inn í UBW_Planner (Agresso). Frumvarpið inniheldur rekstraryfirlit sem brotið er niður á rekstrareiningar og kostnaðarstaði, ásamt rekstrarreikningi viðkomandi sviðs í samanburði við fyrri ár.

Áætlunarbækur í Business Books hafa verið útfærðar fyrir öll fag- og kjarnasvið Aðalsjóðs. Sviðin eru hvött til að vinna nota kerfið við vinnslu fjárhagsáætlunar. Áætlunarbækurnar eru í vefviðmóti U4/Agresso og nánari leiðbeiningar um áætlunarbækurnar má finna undir:

Slóð: https://bokhald.reykjavik.is/leidbeiningar/BB_leidbeiningar.pdf

Beiðnir um aðstoð, fyrirspurnir og aðrar upplýsingar skal senda á netfangið: *Fjárhagsáætlun* <fjarhagsaaetlun@reykjavik.is>

Skipulagstré sviðsins. Fagsvið bera ábyrgð á því að skipulagstré sviðsins sé yfirlit og uppfært fyrir fjárhagsáætlunarárið 2022 í samráði við fjármála- og áhættustýringarsvið. Skipulagstré fjárhagsáætlunar heitir „Framtíð – skipulag 2022“ (hefðbundið m.v. skipulag kostnaðarstaða) og er nr. 118. Skipulagstré þjónustupátta heitir „Framtíð – þjónustupættir 2021“ og er nr. 119 (þjónustupáttatré). Gildandi skipulagstré nr. 36 (hefðbundið) og nr. 95 (þjónustupáttatré) er að finna á eftirfarandi stað í UBW_fjárhagskerfi/Agresso:



Fjárhagsáætlun skal útfærð á bókunarlykla í samræmi við áætlaða sundurliðun tekna og útgjalda. Aðeins er heimilt er að færa **5% af öðrum rekstrarkostnaði** á lykil 5799 Annar óskiptur kostnaður. 95% kostnaðar skal færast á viðeigandi bókhaldslykla. Allar tekjur skulu áætlaðar sem þekktar eru við gerð fjárhagsáætlunar sem og öll útgjöld. Þetta á við þótt ætla megir að tekjur og útgjöld jafnist út. Þetta er mikilvægt til að lágmarka frávík í uppgjörum.

Áætlun launakostnaðar

Launaáætlanir skulu unnar í **launaáætlunarkerfi SAP Listasmiðju**, skv. nánari lýsingu hér á eftir og skilað (lesið) inn í UBW_Planner/Agresso fjárhagskerfi, en gert er ráð fyrir því að hún verði tilbúin þann 20. september nk. eins og önnur gögn fjárhagsáætlunar.

Gert er ráð fyrir að vinna við stofnun launaáætlunar hefjist í júlí og unnt verði að hefja vinnu við gerð launaáætlunar í byrjun ágúst.

Helstu forsendur í launaáætlun og upplýsingar um verklag eru eftirfarandi:

- Áætlun er unnin niður á stöður og starfsmenn.
- Í launaáætlunarkerfinu er að finna alla starfsmenn sem stofnaðir hafa verið í SAP mannauðs- og launakerfinu. Þeir mynda grunn launaáætlunar.
- Þeir starfsmenn sem hafa látið af störfum hjá Reykjavíkurborg, og búið er að loka grunnlaunaspjöldum í SAP mannauðs- og launakerfinu, stofnast rauðir í Listasmiðjunni.
- Allir kjarasamningar starfsmanna Reykjavíkurborgar eru lausir og liggja samningar ekki fyrir. Launatöflur í áætlunarkerfinu eru því óbreyttar miðað stöðuna í dag. Mikilvægt er að hefja engu að síður útfærslu launaáætlunar og gera viðeigandi magnbreytingar í Listasmiðju. Þekktar hækkningar verða keyrðar inn í stofnaða launaáætlun um leið og samningar liggja fyrir.
- Vakin er athygli á því að forsendur rammaúthlutunar gera ráð fyrir 1% hagræðingu í launakostnaði með sömu áhrifum á kjarasamningsbundnar launahækkningar.

- Fastir launaliðir verða sóttir beint úr SAP mannauðs- og launakerfinu og eru því komnir inn í grunn launaáætlunar.
- Breytilegir launaliðir verða lesnir inn í grunn launaáætlunar í samstarfi við svið. Tekið er tillit til þess í hvaða mánuði stórhátíðir falla, t.d. páskar. Frekari gögn verða ekki lesin inn í stofnaða launaáætlun nema í undantekningartilvikum.
- Áætla þarf eftirfarandi liði handvirkt á NN starfsmenn: Akstur & Heilsustyrkir.
- Umsjónarmenn/sérfræðingar/stjórnendur sviða og rekstrareininga gera viðeigandi breytingar á áætlun einstakra starfsmanna og/eða framkvæma viðeigandi skráningar.
- Allir reiknaðir liðir, s.s. launatengd gjöld reiknast sjálfkrafa m. v. forsendur kjarasamninga.

Leiðbeiningar: Við hvetjum notendur sérstaklega til að kynna sér notendahandbókina við gerð launaáætlunar en helstu upplýsingar eru undir eftirfarandi í handbókinni:

Listasmiðja – Handbók/Launaáætlun í Listasmiðju/Yfirmaður – Stjórnandi. Meðfylgjandi er linkur inn á handbókina:

<https://origosap.atlassian.net/wiki/spaces/MOL/pages/472383540/Notendahandb+k+fyrir+SAP>

Sérfræðingar fagsviða eða tengiliðir launaáætlunar á sviðum veita stjórnendum aðstoð við vinnslu launaáætlunar. Þurfi miðlægir sérfræðingar/tengiliðir fagsviða aðstoð geta þeir leitað til fjármála- og áhættustýringarsviðs eftir aðstoð hjá sérfræðingi á skrifstofu áætlana og uppgjöra.

Beiðnir um aðstoð, fyrirspurnir og aðrar upplýsingar skal senda á netfangið: *FMS Launaáætlun* <fmslaunaaetlun@reykjavik.is>

Jöfnun tekna og gjalda

Óheimilt er að jafna tekjum á móti gjaldalyklum. Kostnaðarhlutdeild/millideildarsala sem færast milli sviða eða eininga færast hins vegar til lækkunar á gjöldum á þar tilgreinda bókhaldslykla.

Innri gjaldskrár

Deildir og svið sem njóta innri gjaldskrártekna, svo sem vegna innri leigu (FAS) og upplýsingatæknikostnaðar (PON) verða í sambandi við fagsvið eftir því sem við á. Forsendur fyrir gjaldskrárbreytingum koma fram í greinargerð með tillögu borgarstjóra að rammaúthlutun og eru eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir að innri leiga hækki í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar um 3,46% sem eru áætlaðar verðbætur til verðtryggingar að teknu tilliti til gildandi áætlunar 2021.
- Gert er ráð fyrir að gjaldskrár vegna upplýsingatæknikostnaðar taki sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar gera ráð fyrir, þ.e. taki mið af launahækkunum þegar þær liggja fyrir, verðbótum á annan rekstrarkostnað og hagræðingarkröfu.

Innri gjaldskrár skulu kynntar og lagðar fyrir borgarráð eins og aðrar gjaldskrár.

Gjaldskrár þjónustutekna

Forsendur fyrir gjaldskrárbreytingum koma fram í greinargerð með tillögu borgarstjóra að rammaúthlutun og eru eftirfarandi:

- Gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækki í samræmi við áætlaða þróun verðlags árið 2021 í samræmi við nýjustu spá Seðlabankans og verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar 2022 eða um 4,1%. Gjaldskrár á umhverfis- og skipulagssviði endurspeglar raunkostnað í samræmi við lög.

Öllum gjaldskrár sviðsins skal skilað með fjárhagsáætlun þar sem fram kemur tillaga að gjaldskrá með samanburði við síðustu gjaldskrá, ásamt breytingarhlutfalli til hækkunar eða lækkunar, sjá eftirfarandi dæmi:

Leikskólar - börn íslenskra ríkisborgara með lögheimili erlendis

Lýsing	Skýring	Eining	2020	2019	Hækkun
			Verð	Verð var	
Námsgjald	Flokkur I	pr.4 klst	39.000	38.048	2,5%
Námsgjald	Flokkur I	pr.5 klst	48.750	47.560	2,5%
Námsgjald	Flokkur I	pr.6 klst	58.500	57.072	2,5%
Námsgjald	Flokkur I	pr.7 klst	68.250	66.584	2,5%
Námsgjald	Flokkur I	pr.8 klst	78.000	76.096	2,5%
Námsgjald	Flokkur I	pr.9 klst	92.625	90.364	2,5%

Allar fyrirspurnir varðandi gjaldskrá þjónustutekna skal senda á netfangið: [Fjarhagsaetlun](mailto:Fjarhagsaetlun@reykjavik.is)
<[fjarhagsaetlun@reykjavik.is](mailto:Fjarhagsaetlun@reykjavik.is)>

Milliviðskipti

Fagsvið skulu skila inn greiningu á tekjum sem áætlað er að komi frá öðrum sviðum A-hluta og frá fyrirtækjum B-hluta, sbr. eftirfarandi töflu* sem send verður í Excel-formi.

Milliviðskipti í rekstri Reykjavíkurborgar allar fjárhæðir í þús. króna

Tekjur af A-hluta		Tölur færðar inn í þús.króna										Sameiginl.k. (ÖNN)	Samtals Aðalsjóður	Eignasjóður (USK/ES)	Samtals A-hluti
Lykill	Skýring	ÍTR	MOF	SFS	USK	VEL	RHS	FÁST	PON	MOS					
4xxx	xxxx												0		0
4xxx	xxxx												0		0
4xxx	xxxx												0		0
5119	Millifærð laun												0		0
5122	Millifærð launatengd gjöld												0		0
5152	Millifærðir bifreiðastyrkir og annar kostnaður												0		0
516210	Fæðis kaup - hlutdeild starfsmanna												0		0
5592	Kostnaðarhl. í sameiginl. húsnæði												0		0
5593	Kostnaðarhl. í sameiginl. skrifstofubj.												0		0
5594	Kostnaðarhl. í verkl. framkvæmdum												0		0
5596	Kostnaðarhl. í rekstri mótuneytis												0		0
5597	Innri viðskipti - tölvuþjónusta UTD												0		0
5598	Kostnaðarhl. í stofnkostn. endurvinnslust.												0		0
5599	Kostnaðarhl. í sameiginlegum rekstri												0		0
5610	Þjónustusamningar vegna þjónustumiðstöðva												0		0
Milliviðskipti samtals		0	0	0	0	0	0	0			0		0	0	0

* Hér er aðeins sýndur sá hluti töflunnar sem snýr að A-hluta

Allar fyrirspurnir varðandi milliviðskiptin skal senda á netfangið: [FMS Fjarhagsaetlun](mailto:FMS.Fjarhagsaetlun@reykjavik.is)
<[fjarhagsaetlun@reykjavik.is](mailto:Fjarhagsaetlun@reykjavik.is)>

Viðauki 2 - Greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun 2021

Fagsvið og miðlæg stjórnsýsla skulu fullvinna þann kafla sem að þeim lítur í greinargerð með frumvarpi að fjárhagsáætlun. Efnistöð og uppsetning greinargerðar skal vera samræmd og fela í sér eftirfarandi efnisþætti:

- Tafla með fjárhagsáætlun 2022 og samanburði við rauntölur 2020 og áætlun 2021.
- Tafla með yfirliti yfir fjölda starfsmanna og heilsársstöðugildi, samantekið og sundurliðað á einingar innan sviðs.¹
- Skipurit sviðs.
- Skipting rekstrar: sýnd á myndrænu formi.
- Hlutverk: stutt en greinargóð lýsing á hlutverki sviðsins.
- Megináherslur, forsendur og fjárhagsleg greining: fjallað verði með greinargóðum hætti heildstætt um frumvarp sviðsins, megináherslur árið 2022 og langtímaáherslur til 2026, helstu forsendur og fjárhagslegar breytingar frá fyrra ári. Fjallað verði um helstu breytingar á þjónustu og sérstaka grein skal gera fyrir breytingum sem hafa veruleg áhrif á útgjöld og þjónustu sviðsins.
- Markmið þjónustupátta: sett fram með mælanlegum hætti í samanburði við árangur liðinna ára.
- Megináherslur þjónustupátta og helstu breytingar á milli ára: fjallað verði um alla helstu þjónustupætti sviðsins með hnitmiðuðum og greinargóðum hætti, þar sem fram koma fjárhagslegar breytingar á milli ára og helstu áherslur í þjónustu og rekstri á næsta ári og til næstu 5 ára.
- Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun: fjallað verði um stöðu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar á sviðinu, helstu verkefni sem unnin hafa verið á því sviði og verkefni framundan. Einnig verði greint frá þeim ávinningi sem rekja má til verkefnisins.
- Lykiltölur og helstu magntölur í rekstri með samanburði við fyrri ár.²
- Skorkort 2022 með samanburði við fyrri ár.

Greinargerðin verði um 4-8 blaðsíður í heild.

Með greinargerðinni skulu fylgja myndir, bæði til að hafa í upphafi umfjöllunar um viðkomandi svið og eins myndir til að hafa í texta (á jpg eða tiff formi). Myndir og töflur sem lýsa skiptingu tekna og helstu gjalda í rekstri sviðsins og bakgrunnstölur fylgi í Excel-skjölum, unnið í formi sem fjármála og áhættustýringarsvið leggur til.

Vakin er athygli á því að greinargerð sviðsins er unnin og birt á ábyrgð þess er varðar efnislegt innihald og yfirllestur gagna. Áhersla er lögð á að fyrirmælum sé fylgt um efnistöð svo samræmis sé gætt á milli sviða um framlögð gögn með frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Mikilvægt er að sviðin hafi ákveðna tengiliði varðandi vinnslu greinargerðar og starfsáætlunar.

Öll samskipti vegna greinargerðar skulu fara fram í gegnum netfangið: *Fjárhagsáætlun* <fjarhagsaaetlun@reykjavik.is>

¹ Vísað er í leiðbeiningar fjármála- og áhættustýringarsviðs nr. FMS-LBE-048 Samantekt, úrvinnslu og framsetningu á magntölum um samantekt gagna, sjá hjálagað fylgiskjal.

² Vísað er í sömu leiðbeiningar og í neðanmálsgrein 1.

Tíma- og verkáætlun A-hluta

vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2022-2026

Vísað er nánar í FMS-STE-001 Reglur Reykjavíkurborgar um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar

Fasi	Verkefni	Ábyrgð undirb. og vinnsla	Afgreiðsla	Dagsetn.	Mán.
FMS-VLR-044 Undirbúningur fjárhagsáætlunar	Tíma og verkáætlun ársins lögð fram í borgarráði	FÁST	Borgarráð	28.jan	Janúar
	Undirbúningur hefst: Borgarráð felur sviðum og fagráðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar.	Borgarráð		29.jan	
	Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun (KFS): Sviðum og fagráðum falið að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		29.jan	
	Undirbúningur skilaforma: FÁST undirbýr og leggur fram skilaform fyrir greinargerð fagsviða og kostnaðarmat á skuldbindingum utan fjárheimilda og mat á helstu áhættum í rekstri.	FÁST		5. feb.	Febrúar
	Samráðs- og undirbúningsfundur: Fundur borgarstjóra, formanna fagráða og lykilstjórnenda. Farið yfir efnahagshorfur, tíma- og verkáætlun, ásamt gildandi fimm ára áætlun um rekstur og framkvæmdir.	Borgarstjóri / FÁST		19. feb.	
	Fjárfestingaáætlun: FÁST hefur vinnu við fjárfestingaáætlun í samræmi við verklagsreglur. Í því felst m.a. greining á fjárfestingaþörfum og jafnréttisskimun þeirra, þarfagreining vegna þjónustu borgarinnar, greining á valkostum, kostnaðarmat og mati á hagkvæmni í samvinnu við svið og USK.	FÁST		feb.	
	Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að vetri, endurskoðun, gefin út. Fer til rýningar hjá FÁST.	FÁST		19.mar	Mars
	Vinnufundir fagráða: Formenn fagráða og sviðsstjórar undirbúa og skipuleggja vinnufundi fagráða, þar sem farið er yfir forgangsröðun og áherslur fagráðs í resktri og fjárfestingum.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		mars	
	Rýning á rekstri sviða og skrifstofa: Sviðsstjórar rýna skuldbindingar utan fjárheimilda, breytingar á magntölum þar sem við á og meta helstu áhættur í rekstri sviðsins.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		mars	
	Kynjuð fjárhagsáætlun: Sviðsstjórar kynna fyrir fagráðum áætlun sviðsins um greiningar, framkvæmd og eftirlit kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Fagráð staðfestir áætlun sviðsins.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur	Fagráð	mars	
	Upplýsingafundur með íbúaráðum um gildandi fjárfestingaáætlun og vinnu við mat á áherslum.	FÁST/USK		mars	
	Launaáætlunir: FÁST undirbýr vinnslu launaáætlunar fyrir næsta ár. Launaáætlun stofnuð.	FÁST		maí/júní	maí - júní
◆	Skil fagsviða á rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviðsins: Sviðsstjórar skila til FÁST greinargerð, kostnaðarmati og jafnréttisskimun á skuldbindingum utan fjárheimilda, breytingum á magntölum þar sem við á og mat á helstu áhættum í rekstri sviðsins. Skil á áætlun vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar: Sviðsstjórar skili sundurliðaðri áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Skil gjaldskráa: Sviðsstjórar skila til FÁST samantekt yfir allar gjaldskrár og sundurliðun á tekjum skv. nánari fyrirmælum. Lykiltölur og mælikvarðar: Sviðsstjórar skila FÁST lykiltölum og árangursmælikvörðum sviðsins vegna forgangsröðunar, reglubundins eftirlits og árangurmats.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		16.apr.	◆
FMS-VLR-045 Undirb. að úthlutun fjárheimilda	Undirbúningur rammaúthlutunar. Samantekt gagna og mat á útgjaldapoli A-hluta.	FÁST		apríl/maí	Apríl - Maí
	Fjárfestingaáætlun: Yfirferð á fyrstu drögum að fjárfestingaþörfum, valkostum og forgangsröðun fagsviða fyrir fjármálahóp.	Fjármálahópur		apríl/maí	Maí
	Fundur með sviðum: yfirferð yfir skuldbindingar utan fjárheimilda, breytingar á magntölum og mat á áhættum.	Fjármálahópur		3.-7. maí	
	Fundur fjármálahóps um forsendur rammaúthlutunar vegna rekstrar og fjárfestinga.	Fjármálahópur		maí	
	Samráðsfundur fjármálahóps, FÁST með sviðsstjórum vegna undirbúnings að rammaúthlutun.	Fjármálahópur / Yfirstjórn		maí	
	Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að sumri, gefin út. Fer til rýningar hjá FÁST	FÁST		14.maí	
	Forsendur fjárhagsáætlunar lagðar fram í borgarráði.	FÁST		3.júní*	Júní

Fasi	Verkefni	Ábyrgð undirb. og vinnsla	Afgreiðsla	Dagsetn.	Mán.
◆	Úthlutun fjárheimilda: borgarráð úthlutar fjárhagsrömmum til sviða og skrifstofa og felur þeim að útfæra fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára á forsenum þeirra. Gjaldskrár: lagðar línur um meðhöndlun innri og ytri gjaldskráa vegna vinnslu fjárhagsáætlunar	Borgarstjóri / borgarráð	Borgarráð	3.júní*	◆
FMS-VLR-046 Vinnsla fjárhagsáætlunar og greinargerðar	Vinnufundir fagráða	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		júní - ágúst	Júní - September
	Afgreiðsla fagráða: Fagráð afgreiða tillögu að áherslum og forgangsröðun í málaflokknum til næstu fimm ára.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur	Fagráð	júní - ágúst	
	Vinnsla fjárhagsáætlunar í samræmi við forsendur rammaúthlutunar.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		júní- sept.	
	Vinnsla launaáætlunar og annarra gagna vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		júní - sept.	
	Vinnsla og frágangur fjárfestingaáætlunar í samræmi við forsendur rammaúthlutunar.	FÁST		júní- sept.	
	Vinnsla greinargerðar. Útfærsla og framsetning greinargerðar og starfsáætlunar.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		júní- sept.	
	Drög að fjárhagsáætlun kynnt fagráðum. Sviðsstjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun með þjónustumarkmiðum og árangursmælikvörðum og greinargerð fyrir fagráðum. Fagráð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangsröðun og markaða stefnu í málaflokknum.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur	Fagráð	10. sept.*	September
	Útkomuspá og fimm ára áætlun. Undirbúningur útkomuspár og fimm ára áætlunar.	FÁST		sept.	
◆	Skil fagsviða á lokadrögum að fjárhagsáætlun og greinargerð Skil fjárfestingaáætlunar og greinargerðar	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		20. sept*	◆
FMS-VLR-047 Frágangur og kynningar	Samantekt skilagagna. FÁST tekur saman áætlun næsta árs og fimm ára áætlun A-hluta og skilar samantekt til borgarstjóra.	FÁST		14. okt.	Október
	Samantekt á frumvarpi að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar.	FÁST		21. okt.	
	Greinargerð með frumvarpi: FÁST leggur fram greinargerð með frumvarpi þar sem lagt er fjárhagslegt mat á tekjur og útgjöld.	FÁST		21. okt.	
	Kynningar: Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára í borgarráði.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		28. okt. - 29. okt.	
◆	Frumvarp að fjárhagsáætlun lagt fram í borgarráði: Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt starfsáætlun.	Borgarstjóri / borgarráð	Borgarráð	28. okt.	◆
Umræður og afgreiðsla	Fyrri umræða: Frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun lagt fram í borgarstjórn. Tekjurforsendur afgreiddar.	Borgarstjórn		2. nóv.	Nóv.
	Breytingar milli umræðna: Breytingatillögur lagðar fyrir borgarráð.	Borgarráð	Borgarráð	25. nóv.*	
◆	Síðari umræða og afgreiðsla: Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.	SBS	Borgarstjórn	7. des.	◆
Frágangur og skil	Frágangur gagna: Svið ganga frá lokafærslum inn í upplýsingakerfi og FÁST tekur saman lokaútgáfu fjárhagsáætlunar.	Fag- og kjarnasvið / skrifstofur		10. des.	Des.
◆	Fjárhagsáætlun 2022 - 2026 skilað til ráðuneytis: FÁST skilar til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis / Hagstofu Íslands.	FÁST		15. des.	◆

* Miðað er við að dagsetning sé "eigi síðar en" hér.

Tíma- og verkáætlun B-hluta
vegna undirbúnings og afgreiðslu fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar 2022-2026

Fasi	Verkefni	Ábyrgð undirb. og vinnslu	Afgreiðsla	Dagsetn.	
Undirbúningur	Tíma og verkáætlun ársins lögð fram í borgarráði	FÁST	Borgarráð	28.jan	Janúar
	Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að vetri, endurskoðun, gefin út. Fer til rýningar hjá FÁST.	FÁST		19.mar	Mars
◆	Skil B-hluta á drögum að fjárhagsáætlun vegna undirbúnings rammaúthlutunar í A-hluta: Byggðasamlög og fyrirtæki á framlögum sveitarfélaga skila fyrstu drögum að fjárhagsáætlun og mati á útgjaldabreytingum milli ára.	B-hluti		30.jan	◆
Undirbúningur fjárhagsáætlunar	Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að sumri, gefin út. Fer til rýningar hjá FÁST.	FÁST		14.maí	Maí
	Forsendur fjárhagsáætlunar lagðar fram í borgarráði.	FÁST		3.júní*	Júní
	Samráðsfundur FÁST og B-hluta fyrirtækja. Forsendur fjárhagsáætlunar kynntar, mat á stöðu ytri áhrifaþátta, tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar yfirfarin. Farið yfir skilalíkon og vinnslu.	FÁST		ágúst	Ágúst
◆	Vinnsla fjárhags- og starfsáætlunar í samræmi við forsendur	B-hluti		júní-sept.	◆
Vinnsla fjárhags- og starfsáætlunar	Skilalíkon: Undirbúningur og skil á líkönum fyrir fjárhagsáætlanir B-hluta fyrirtækja	FÁST		13. ágúst.	Ágúst
	Fjárhagsáætlun kynnt og afgreidd í stjórnnum: Framkvæmdastjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun og greinargerð fyrir stjórnun.	B-hluti	Stjórnir fyrirtækja	20.sept.*	September
◆	Skilafrestur B-hluta fyrirtækja á fjárhagsáætlun á breytilegu verðlagi ásamt starfsáætlun	B-hluti		20.sept.*	◆
Frágangur og kynningar	Samantekt á frumvarpi að fjárhagsáætlun A-hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar. Samantekin greinargerð fagsviða og B-hluta fyrirtækja.	FÁST		21. okt. *	Október
	Kynningar: Formenn stjórna og framkvæmdastjórar B - hluta fyrirtækja kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára í borgarráði	B-hluti		28. okt. - 29. okt.	
◆	Frumvarp að fjárhagsáætlun lagt fram í borgarráði: Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt starfsáætlun.	Borgarstjóri / borgarráð		28. okt.	◆
Umræður og afgreiðsla	Fyrri umræða: Frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun lagt fram í borgarstjórn	Borgarstjórn		2. nóv.	Nóv.
	Breytingar milli umræðna: Breytingatillögur lagðar fyrir borgarráð	Borgarráð	Borgarráð	25. nóv.*	
◆	Síðari umræða og afgreiðsla: Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.	SBS	Borgarstjórn	7. des.	◆
Frágangur og skil	Frágangur gagna: Gengið frá lokafærslum inn í upplýsingakerfi og FÁST tekur saman lokaútgáfu fjárhagsáætlunar.	Fyrirtæki / FÁST		10. des.	Des.
◆	Fjárhagsáætlun 2022 - 2026 skilað til ráðuneytis: FÁST skilar til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis / Hagstofu Íslands.	FÁST		15. des.	◆

* Miðað er við að dagsetning sé "eigi síðar en" hér.

Númer skjals:	FMS-STE-001
GoPro númer:	R15010267
Skjalalykill:	01.01 Stefnumörkun og skipurit
Útgáfa:	8
Útgáfudags:	13.03.2019
Síðast rýnt/Næst rýnt:	13.03.2019 / 13.03.2020
Ábyrgðarmaður:	Fjármálastjóri

FMS-STE-001 Reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg

1. Markmið

- Grundvallarhlutverk A-hluta Reykjavíkurborgar er að veita íbúum Reykjavíkur góða þjónustu með sem hagkvæmustum hætti og leggja grunn að auknum lífsgæðum borgarbúa til lengri og skemmri tíma.
- Fjármálastjórnin skal miða að agaðri og ábyrgri ráðstöfun fjármuna með sjálfbærni, hófsemi, varfærni, gagnsæi, stöðugleika, stefnufestu og framsýni að leiðarljósi.
- Fjármálastjórnin skal byggjast á árangursstjórnun: Í því felst að við fjárhagsáætlunargerðina skulu sett skýr markmið um árangur og mælikvarðar til að meta hann.
- Fjármálastjórnin skal grundvölluð á rammastjórnun: Í því felst að borgarstjórn ákveður heildarskiptingu fjármuna milli fagsviða (málaflokka) út frá heildrænni forgangs röðun, fagráðin ákveða forgangs röðun hvert á sínu sviði og sviðsstjórar hafa ákvörðunarvald og bera ábyrgð á að reksturinn sé innan fjárheimilda og í samræmi við stefnu og forgangs röðun fagráðs.
- Fjárhagsáætlanagerð skal byggð á aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar með það að markmiði að þessari aðferðafræði verði beitt heildstætt við undirbúning fjárhagsáætlunar 2019.
- Rekstur sviða og stofnana skal miða við að ytrustu kostnaðarhagkvæmni sé gætt.
- Fjárhagsáætlun skal unnin þannig að ekki þurfi að breyta henni á rekstrarárinu nema að ófyrirséð atvik kalli sérstaklega á slíka ákvörðun. Þannig nýtist fjárhagsáætlunin sem öflugt stjórn tæki við rekstur borgarinnar.
- Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu borgarsjóðs og stofnana og fyrirtækja borgarinnar við upphaf áætlunartímabilsins.
- Fimm ára áætlun felur í sér samþykkt stefnumótun borgarstjórnar í hverjum málaflokki.
- Fimm ára áætlun, fjárhagsáætlun og starfsáætlun eru mikilvægustu stjórn tæki borgarstjórnar til að ná fram markmiðum sínum.

2. Ábyrgð og verkaskipting

- Borgarstjórn fer með æðstu yfirstjórn á fjármálum borgarinnar, stofnana hennar og fyrirtækja. Borgarstjórn felur borgarráði og borgarstjóra ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Borgarráð staðfestir tekjuforsendur og úthlutar fjárhagsrömmum.
- Fagráð hafa það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflokknum.
- Borgarstjóri ber ábyrgð á gerð frumvarps að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í samræmi við lög og samþykktir Reykjavíkurborgar. Borgarstjóri leggur fram frumvörp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun í borgarráði.
- Fjármálastjóri fer með undirbúning frumvarpa að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun og hefur yfirlit með fjármálastjórnun Reykjavíkurborgar, þ.m.t. fjárhagsáætlunargerð. Fjármálastjóri leggur fram í borgarráði verk- og tímaáætlanir um undirbúning fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar sem skulu byggja á verklagi eins og lýst er viðauka 2.
- Sviðsstjórar og skrifstofustjórar í miðlægri stjórnsýslu skulu gera drög að fjárhagsáætlun og starfsáætlun sem rúmast innan fjárhagsramma og eru í samræmi við stefnumótun borgarstjórnar og áherslur fagráðs í viðkomandi málaflokki. Sviðsstjórar, stjórnendur stofnana og skrifstofustjórar í miðlægri stjórnsýslu bera ábyrgð á að rekstur sé innan samþykktar fjárheimilda. Sviðsstjórar skulu leggja uppgjör og greinargerðir með þeim fyrir fagráð.

3. Framkvæmd fjárhagsáætlunar

3.1 Rammastjórnun og árangursmiðuð fjármálastjórn

- Borgarstjóri og aðrir stjórnendur í umboði hans bera ábyrgð á daglegum rekstri borgarinnar.
- Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana bera ábyrgð á að rekstur sviða sé innan fjárhagsramma, þ.e. samþykktar fjárheimilda. Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana skulu haga rekstri á sem hagkvæmastan hátt og í samræmi við samþykktar starfsáætlun og stefnumörkun fagráða um þjónustu á sviðinu.
- Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana skulu fylgjast með tækifærum til umbóta í rekstri og hafa frumkvæði að því að innleiða þau til að bæta þjónustu, auka skilvirkni, stuðla að jafnræði og lækka kostnað. Sviðsstjórar skulu leggja fram innkaupaáætlun með fjárhagsáætlun vegna vöru- og þjónustukaupa og leita ráðgjafar hjá innkaupadeild um hagkvæmustu framkvæmd. Sviðsstjórar skulu skilgreina árangursmælikvarða fyrir þjónustu og rekstur á sínu sviði í starfsáætlun.

3.2 Kynjuð fjárhagsáætlunargerð

- Komi til þess innan fjárhagsársins að nauðsynlegt þykir að gera breytingu á fjárhagsáætlun hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda s.s. vegna ófyrirséðra aðstæðna eða nýrra verkefna þá skal slíkri tillögu (viðauka) fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til. Í greiningunni skal huga bæði að hagsmunum notenda þjónustu og þeirra sem veita hana nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við.

3.3 Breyttar rekstrarforsendur innan rekstrarársins

- Verði verulegar breytingar á rekstrarforsendum innan ársins skal fjármálastjóri meta heildaráhrif á rekstrarniðurstöðu borgarinnar á grundvelli kostnaðarmats sviða eða sérfræðiskrifstofa og kynna borgarstjóra.
- Borgarstjóri getur falið sviðsstjórum og sérfræðingum að gera tillögur til sín um hvernig hægt er að bregðast við breyttum rekstrarforsendum. Borgarstjóri leggur fram í borgarráði tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun ef þurfa þykir.
- Borgarráð getur heimilað sviðsstjórum að færa fjárheimildir milli kostnaðarstaða innan sama málflokks eins og hann er skilgreindur í reikningsskilareglum sveitarfélaga enda samræmist það stefnumörkun í málaflokki og lögum. Frekari tilfærslur fjárheimilda þarf að bera undir borgarstjórn.
- Sviðsstjórum er heimilt í samráði við fjármálastjóra að færa fjárheimildir skilgreindra safnliða (endurúthlutun) til undirstofnana, enda samræmist það stefnumörkun í málaflokki og lögum. Tillaga sviðsstjóra um tilfærslu skal lögð fyrir fjármálastjóra með rökstuðningi. Þessi ráðstöfun skal kynnt í hlutaðeigandi fagráði og borgarráði og skjöluð með viðaukum við fjárhagsáætlun.

3.4 Færsla fjárheimilda á milli ára

- Rekstrarafgangur á sviði/stofnun færir á milli ára ef rekja má hann með skýrum hætti til góðrar fjármálastjórnunar. Með góðri fjármálastjórnun er m.a. átt við árangursríkrar endurskipulagningar á vinnu og verkefnum stofnunar sem leiðir til hagkvæmari reksturs án þess að skerða áformaða þjónustu. Einnig er vísað til hagkvæmari innkaupa sem lækka verð á aðkeyptri vöru og/eða þjónustu án þess að skerða áformaða þjónustu. Hlutaðeigandi stjórnandi þarf að sýna fram á að afgangurinn stafi af góðri fjármálastjórnun. Forsenda færsla afgangar er að stofnun veiti alla áformaða lögbundna þjónustu og vinni samkvæmt þeim þjónustustöðlum sem fylgja ber. Ekki er hins vegar gert ráð fyrir að afgangur sé færður ef hann er rakinn til ytri áhrifa, s.s. stjórnvaldsaðgerða, minni eftirspurnar eftir þjónustu en áætlað var t.d. vegna færri barna sem sækja skóla eða frístundaúrræði en áætlað var, ákvörðun um að hætta við eða fresta þjónustu, manneklu eða þjónustufalls.
- Rekstrarhalli á sviði/stofnun færir milli ára ef hann verður ekki beinlínis rakinn til óhagstæðra ytri áhrifa. Ef árhluðauppgjör stefnir í slíka niðurstöðu ber stjórnanda stofnunar að skila sviðsstjóra tillögum um viðbrögð sem tryggja að starfsemin haldist innan fjárheimilda ársins. Sama regla gildir um sviðsstjóra gagnvart borgarráði varðandi fjárhag sviða. Ef framúrkeyrsla á sér stað tvo samliggjandi ársfjórðunga án þess að aðgerðir skili árangri ber viðkomandi sviðsstjóri ábyrgð á því að greina ástæður þess og eftir atvikum að veittur sé nauðsynlegur stuðningur innan viðkomandi starfsemi eða stofnana til að úr verði bætt. Sviðsstjórar skilgreina verklag í þessu efni. Jafnframt ber að gera borgarráði grein fyrir ástæðunum og þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til með greinargerð. Borgarráð getur fallist á að halli flytjist ekki milli ára ef ytri aðstæður eða sérstök atvik koma til sem borgarráð metur

gild. Borgarstjóri getur einnig ákveðið að fjármálaskrifstofa komi að greiningu eða gerð aðgerðaráætlana varðandi fjárhag einstakra sviða eða hluta þeirra gangi áætlunir ekki eftir.

- Við afgangsskipti fjárhagsáætlunar næsta árs er gert ráð fyrir hefðbundinni afgangsskipti. Þegar uppgjör ársins liggur fyrir verður farið yfir rekstrarniðurstöður í hverri stofnun/sviði miðað við ofangreindar forsendur. Að lokinni þeirri vinnu gerir sviðsstjóri tillögu til borgarstjóra um að breytingar á fjárheimildum, þ.e. færslu afgangshalla stofnana, ásamt tillögu um ráðstöfun afgangshalla á hverri stofnun og greinargerð stjórnenda hvernig þeir hyggjast vinna hallann niður.
- Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um viðauka vegna fjárhagsáætlunar vegna færslu og ráðstöfunar afgangshalla. Borgarstjóri leggur fyrir borgarráð tillögu um viðauka vegna færslu halla.
- Fjármálaskrifstofa skal gera ráðstafanir í bókhaldi og uppgjörum til að halda sérstaklega utan um ákvarðanir um færslu afgangshalla.

4. Eftirlit og árangursmiðuð fjármálastjórn

- Borgarráð hefur eftirlit með stjórnýsli og fjármálastjórn Reykjavíkurborgar. Í því felst að borgarráð hefur eftirlit með að rekstur borgarsjóðs og einstakra sviða sé innan fjárheimilda og í samræmi við heildræna forgangsriðun á grundvelli skýrsla og árangursmælinga. Borgarráð metur hvenær tilefni er til að grípa til sérstakra ráðstafana.
- Fagráð hafa eftirlit með rekstri fagsviða. Í því felst að fagráð hafa eftirlit með að rekstur sviða sé innan fjárheimilda og í samræmi við markaða stefnu og starfsáætlun. Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna í fagráðum og í borgarráði 6 mánaða uppgjör og ársuppgjör ásamt helstu lykiltölum og hvernig til tókst að ná þeim árangri sem stefnt var að í starfsáætlun.
- Borgarstjóri og aðrir stjórnendur í umboði hans bera ábyrgð á uppbyggingu innra eftirlits og þar með gagnvart gerð fjárhagsáætlunar og framkvæmd hennar.
- Fjármálastjóri skal fylgja eftir fjárhagsáætlun með reglubundnum reikningsskilum og frávikagreiningu og tekur saman og kynnir fyrir borgarstjóra og borgarráði rekstrarupplýsingar og frávikagreiningar með reglubundnum reikningsskilum. Þegar árshlutauppgjör og rekstrarniðurstöður ársins liggja fyrir gerir fjármálastjóri borgarráði grein fyrir rekstri, fjárfestingum og frávikum frá áætlun.
- Sviðsstjórar og stjórnendur stofnana skulu reglubundið fylgjast með rekstri. Sviðsstjórum og stjórnendum stofnana ber að bregðast við frávikum sem birtast í mánaðarlegum skýrslum með viðeigandi hætti með það að markmiði að halda rekstrinum innan samþykktra fjárheimilda og í samræmi við markmið og áherslur í starfsáætlun ársins.
- Sviðsstjórar skulu í ársfjórðungsskýrslum fara yfir sett markmið um fjármál og þjónustu og gera grein fyrir með birtum mælingum hvernig til hefur tekist. Sviðsstjórar skulu beita lykiltölugreiningu í rekstri eftir því sem við á og ræða til að leita tækifæra til umbóta á rekstri og bæta þjónustu, auka skilvirkni, stuðla að jafnræði og lækka kostnað.
- Innri endurskoðandi ber ábyrgð á innri endurskoðun innan A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar í umboði borgarráðs. Í því felst m.a. annars að innri endurskoðandi fer með eftirlits- og vöktunarhlutverk í umboði borgarráðs þar með talið gagnvart fylgni við reglur um gerð fjárhagsáætlunar.

Fjármálastjóri hefur heimild til að setja nánari verklagsreglur um framkvæmd einstakra atriða í reglum þessum.

Samþykkt í borgarstjórn 1. desember 2015.

Viðauki 1: Nánar um ábyrgð og verkaskiptingu:

Borgarstjórn

- Ræðir frumvarp að fjárhags- og starfsáætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Ræðir frumvarp að fimm ára áætlun við tvær umræður og afgreiðir.
- Afgreiðir tillögur um álagningarhlutfall útsvars, álagningarhlutfall fasteignaskatta og lóðarleigu, gjalddaga fasteignagjalda, afslætti elli- og örorkulífeyrisþega frá fasteignagjöldum, gjaldskrár, þ.á.m. sorphirðu- og hundaeftirlitsgjöld.

Borgarráð

- Afgreiðir reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar.
- Ræðir og vísar frumvarpi að fjárhagsáætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og fjallar um breytingartillögur við það milli umræðna í borgarstjórn.
- Ræðir og vísar frumvarpi að fimm ára áætlun til fyrri umræðu í borgarstjórn og fjallar um breytingartillögur við það milli umræðna í borgarstjórn.
- Afgreiðir tillögur um gjaldskrár og breytingar á þjónustu með fjárhagsáætlun.
- Afgreiðir starfsáætlanir.

Borgarstjóri

- Ber stjórnarsýslulega ábyrgð á undirbúningi fjárhagsáætlunar.
- Ber stjórnarsýslulega ábyrgð á undirbúningi fimm ára áætlunar um rekstur, framkvæmdir og fjármál.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að reglum um fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að fjárhagsáætlun.
- Leggur fyrir borgarráð frumvarp að fimm ára áætlun.
- Leggur fyrir borgarráð tillögur að gjaldskrár, fasteignagjöldum og útsvari.

Fagráð

- Hefur það meginhlutverk að undirbúa stefnumótun og helstu áherslur borgarstjórnar í málaflokknum.
- Fagráð staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangs röðun og markaða stefnu í málaflokknum.
- Fagráð hefur eftirlit með því að rekstur sviðsins sé í samræmi við markaða stefnu, fjárhags- og starfsáætlun. Sviðsstjóri leggur reglubundið fyrir fagráð upplýsingar um rekstur sviðsins. Fagráð getur kallað eftir viðbótarupplýsingum eftir því sem með þarf.

Sviðsstjóri

- Skoðar rekstrarforsendur næsta árs á grundvelli fimm ára áætlunar og metur hvort tilefni sé til að gera tillögur til borgarstjóra um breytingar.
- Gerir drög að fjárhagsáætlun m.v. forsendur fjármálaskrifstofu um áætlað verðlag, launakjör, gjaldskrár og stefnumótun fagráða í samstarfi við fjármálaskrifstofu.
- Kynnir fyrir fagráði tillögur að drögum að frumvarpi að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun, ásamt starfsáætlun.
- Kynnir frumvarp að fjárhagsáætlun sviðs og starfsáætlun sviðsins í borgarráði ásamt formanni fagráðs.
- Ber ábyrgð á að rekstur sviðsins sé innan fjárheimilda og í samræmi við markaða stefnu og samþykktar starfsáætlun og gerir grein fyrir rekstrarstöðu sviðsins eftir árshlutauppgjör í fagráði og borgarráði.

Fjármálastjóri

- Fjármálastjóri fer með undirbúningi frumvarpa að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.
- Hefur yfirumsjón með fjármálastjórnun, fjárhagsáætlunargerð, bókhaldi, fjárreiðum, innheimtum, lánamálum og reikningsskilum Reykjavíkurborgar.
- Hefur eftirlit með að rekstur sviða sé í samræmi við samþykktar fjárhagsáætlun og starfsáætlun.
- Ber ábyrgð á að taka saman og kynna með reglubundnum hætti rekstrarupplýsingar og frávikagreiningar.

Viðauki 2: Vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar

Sjá nánari tímasetningar lagðar fram í janúar ár hvert.

Janúar

- Samráðsfundur formanna fagráða og lykilstjórnenda vegna greiningar- og undirbúningsvinnu.
 - Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar fer yfir gildandi áætlun um stofnframkvæmdir fasteigna, lausafjármuna, gatna og umferðamannvirkja og stöðu hennar.
 - Fjármálaskrifstofa tekur saman yfirlit yfir efnahagshorfur samkvæmt þjóðhagsforsendum Hagstofu Íslands miðað við gildandi fimm ára áætlun.
 - Kynnt er tíma- og verkáætlun fjárhagsáætlunar og fjárfestingaráætlunar.
- Borgarráð felur sviðum og fagráðum að hefja undirbúning að vinnu við fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun næsta árs og til næstu fimm ára á grundvelli gildandi fimm ára áætlunar
- Tíma og verkáætlun ársins lögð fram í borgarráði.
- Svið og fagráð hefja vinnu við að rýna og leggja mat á a.m.k. einn þjónustupátt út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar.

Febrúar

- Fjármálaskrifstofa skilar formi fyrir greinargerð fagsviða um tækifæri til sparnaðar/hagræðingar, skuldbindingar, áhættur og tækifæri í málaflokkum ásamt formi fyrir tillögur fagráða um áherslur og forgangsöröðun.
- VINNUFUNDIR FAGRÁÐA:
 - Formenn fagráða og sviðsstjórar undirbúa og skipuleggja vinnufundi fagráða. M.a. undirbúa umræðu um tækifæri til sparnaðar/hagræðingar, skuldbindingar, tækifæri og áhættur og gögn fyrir þarfagreiningu sviðsins vegna fjárfestinga í mannvirkjum, götum, opnum svæðum, áhöldum, tækjum og búnaði.
 - Fagráð yfirfara áherslur og forgangsöröðun í málaflokknum á grunni gildandi stefnumörkunar og fimm ára áætlunar.
- Skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar hefur vinnu við fjárfestingaáætlun, sem felur í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar, greiningu á valkostum og mati á hagkvæmni þeirra.
- Umhverfis- og skipulagssvið í samstarfi við skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar vinnur frumkostnaðaráætlun, þeirra fjárfestingavalkosta sem fagsviðin hafa sett fram auk þess að vinna að greiningu á valkostum og mati á hagkvæmni.

Mars

- Fagráð afgreiða tillögu að áherslum og forgangsöröðun í málaflokknum til næstu fimm ára.
- Sviðsstjórar skila til Fjármálaskrifstofu greinargerð um tækifæri til sparnaðar/hagræðingar, skuldbindingar, áhættur og tækifæri í málaflokknum ásamt tillögum fagráða um áherslur og forgangsöröðun.
- Sviðsstjórar og skrifstofustjórar skila til Fjármálaskrifstofu samantekt yfir allar gjaldskrár sem notaðar eru, þ.m.t. viðmiðunargjaldskrár.

Apríl

- Fjármálaskrifstofa skilar launálíkönunum til vinnslu á sviðum.
- Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar skilar til Fjármálaskrifstofu drögum að fjárfestingaáætlun og valkostum til næstu fimm ára.
 - Fjárfestingaáætlun skal fela í sér þarfagreiningu vegna þjónustu borgarinnar til næstu fimm ára, valkostum til að mæta þeirri þörf og mati á þeim.
 - Áætlun um fjárfestingu í mannvirkjum (stofnframkvæmd) og búnaði skal innihalda greiningu á áhrifum á árlegan rekstrarkostnað þegar mannvirki hefur verið tekið í notkun. Kostnaðaráhrif vegna fjárfestinga skulu reiknuð að fullu í fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.
 - Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar og Fjármálaskrifstofa skulu í tengslum við gerð fjárfestingaáætlana gera nákvæma og tímasetta áætlun um fjárförð vegna fjárfestinga.
- Sviðsstjórar kynna fyrir fagráðum niðurstöður á rýningu á þjónustupáttum út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunargerðar og tillögur um aðgerðir. Tillögum sviðsstjóra um ný verkefni skal fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og á þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til bæði út frá

hagsmunum þeirra sem veita þjónustu og notenda nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við. Sjá nánar leiðbeiningar um gerð jafnréttismats í viðauka 3.

- Sviðsstjórar skila fjármálaskrifstofu samræmdum lykiltölum til að auðvelda ákvarðanatöku pólitískra fulltrúa um forgangsörðun.

Maí

- Fundir með fagsviðum til að fara yfir skuldbindingar og tækifæri, forgangsörðun og áherslur.
- Borgarráð staðfestir vinnuforsendur um tekjur og aðrar forsendur fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára. Lagðar eru línur um meðhöndlun innri og ytri gjaldskráa vegna vinnslu fjárhagsáætlunar.
- Samráðsfundur borgarstjóra, fjármálaskrifstofu, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og sviðsstjóra vegna undirbúnings fyrir rammaúthlutun og til að skoða fjárfestingaáætlun og rekstur með tilliti til tækifæra til samstarfs og hagræðingar.

Júní

- Fjármálaskrifstofa leggur fram mat á útgjaldapoli A-hluta til næsta árs og næstu fimm ára.
- Borgarráð ákveður forsendur fyrir innri gjaldskrár.
- Borgarráð úthlutar fjárhagsrömmum til sviða og skrifstofa og felur þeim að útfæra fjárhagsáætlun næsta árs og næstu fimm ára á forsendum rammaúthlutunar.¹
- Borgarráð felur fagsviðum og skrifstofum hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.
- HÖFÐAFUNDUR um markmið og leiðir:
 - Fjármálaskrifstofa tekur saman yfirlit yfir efnahagshorfur samkvæmt þjóðhagsforsendum Hagstofu Íslands og áhrif þeirra á tekjuspá borgarinnar.
- STARFSDAGAR FAGRÁÐA vegna forgangsörðunar.
 - Gögn og niðurstaða Höfðafundar lögð til grundvallar ásamt fjárhagsrömmum.
 - Fagråd fjalla um og afgreiða sérstaklega tillögur um aðgerðir vegna kynjasjónarmiða.
- Sviðsstjórar halda áfram vinnu við útfærslu á starfs- og fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.
 - Byggt skal á gildandi reglum og samningum Reykjavíkurborgar.²
 - Byggt skal á forsendum Fjármálaskrifstofu um þróun kjara skv. kjarasamningum.
 - Byggt skal á forsendum Fjármálaskrifstofu varðandi gildandi rammisamninga um innkaup á vörum og þjónustu.
 - Byggt skal á gjaldskrár vegna innri viðskipta.

Ágúst

- Skrifstofa þjónustu og rekstrar leggur fram yfirlit yfir þjónustu og gjaldskrá fyrir hvert svið sundurliðað eftir kostnaðarstöðum.
- Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar leggur fram lista fyrir hvert svið yfir allar eignir og innri leigu Eignasjóðs.

September

- Sviðsstjórar kynna lokadrög að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun ásamt starfsáætlun með þjónustumarkmiðum og árangursmælikvörðum ásamt tillögum að gjaldskrár og greinargerð fyrir fagrådum. Fagråd staðfestir að drög að starfs- og fjárhagsáætlun séu í samræmi við ákvarðanir fagráðs um áherslur og forgangsörðun og markaða stefnu í málaflokknum. Afgreiðsla fagráðs þarf að liggja fyrir fyrir skilafrest sviðsstjóra á drögum að fjárhagsáætlun næsta árs og fimm ára áætlun.
- Sviðsstjórar skila Fjármálaskrifstofu lokadrögum að starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára með þjónustumarkmiðum og árangursmælikvörðum ásamt tillögum að gjaldskrár og greinargerð.

Október

- Fjármálaskrifstofa tekur saman áætlun næsta árs og fimm ára áætlun sviða og skrifstofa og skilar samantekt til borgarstjóra.

¹ Við úthlutun ramma er byggt á tilgreindum forsendum um hækkun ytri gjaldskráa.

Við gerð fjárhagsáætlunar ár hvert skal innri leiga vegna borgarmannvirkja og framleiga reiknuð upp miðað við forsendur fjárhagsáætlunar um breytingu vísitölu neysluverðs á milli ára. Fjárheimildum fagsviða verði breytt í samræmi við eftirfarandi:

- Hækkun/lækkun sem nemur breytingu vísitölu neysluverðs til verðtryggingar á milli ára.

- Hækkun/lækkun sem nemur mismun áætlaðrar leigu liðins árs og raun.

² Hér er vísað m.a. í innkaupareglur, kjarasamninga, vinnurétt og reikningsskilareglur.

- Fjármálaskrifstofa leggur fjárhagslegt mat á útgjöld miðað við samantekin drög sviða að fjárhagsáætlun og mismunandi forsendur um gjaldskrár og ytri forsendur (sviðsmyndagreining).
- Fjármálaskrifstofa undirbýr frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun ásamt greinargerð.
- Borgarstjóri leggur fram frumvarp að fjárhagsáætlun næsta árs með starfsáætlun og fimm ára áætlun fyrir borgarráð ásamt tillögum að gjaldskrár, fasteignagjöldum og útsvari.
- Borgarráð vísar frumvarpi að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun til fyrri umræðu borgarstjórnar.
- Formenn fagráða og sviðsstjórar kynna starfs- og fjárhagsáætlun næsta árs og til næstu fimm ára í borgarráði.

Nóvember

- Fyrri umræða í borgarstjórn um frumvarp að fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun.
- Borgarstjórn afgreiðir tillögur að gjaldskrár, fasteignagjöldum og útsvari.
- Borgarstjórn fjallar um frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.
- Fjármálaskrifstofa rýnir forsendur fjárhagsáætlunar m.v. þjóðhagsspá, frumvarp að fjárlögum og áform um skattalagabreytingar.
- Borgarráð metur hvort tilefni er til að endurskoða frumvarp að fjárhagsáætlun vegna breyttra forsenda þjóðhagsspár eða annarra atvika.

Desember

- Borgarstjórn afgreiðir frumvarp að fjárhagsáætlun, starfsáætlun og fimm ára áætlun.R

Til borgarráðs

Efni: Forsendur fjárhagsáætlunar 2022 og fimm ára áætlunar 2022-2026

Lagðar eru fram forsendur fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2021 og forsendur fimm ára áætlunar 2022-2026, sem eru samkvæmt þjóðhagsspá Hagstofu frá 22. mars sl.

Forsendur fjárhagsáætlunar og fimm ára áætlunar

Breytingar milli ársmeðaltala %	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Einkaneysla	-3.3	2.3	4.1	3.5	2.8	2.7	2.6
Samneysla	3.1	1.1	0.7	-0.5	-0.4	-0.1	1.4
Fjármunamyndun	-6.8	5.0	4.3	5.7	2.3	2.1	3.1
Útflutningur vöru og þjónustu	-30.5	10.3	16.8	10.1	8.4	3.8	2.6
Innflutningur vöru og þjónustu	-22.0	8.7	12.5	8.6	6.7	3.2	2.3
Verg landsframleiðsla	-6.6	2.6	4.8	3.8	2.7	2.1	2.4
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	5.5	7.8	6.4	5.5	4.9	4.5	4.3
Vísitala neysluverðs	2.8	3.2	2.4	2.4	2.5	2.5	2.5
Gengisvísitala (hækkun = veiking krónu)	11.1	-0.8	-1.0	-0.3	0.0	0.0	0.0
Þróun launa	6.3	7.1	5.4	4.2	4.2	4.1	4.2

Tafla 1: Forsendur fjárhagsáætlunar. Þjóðhagsstærðir í magnbreytingum milli ára (%) og vísitölur í breytingum milli ársmeðaltala (%). Ekki er spáð fyrir launavísitölu og er hún því reiknuð sem breyting á vísitölu kaupmáttar launa (raunlaun) og vísitölu neysluverðs.

Að auki eru lagðar fram forsendur fjármála- og áhættustýringarsviðs um þróun vísitölu neysluverðs innan ársins 2021 og 2022, þ.e. á milli ársloka 2020 og 2021 annars vegar og ársloka 2021 og 2022 hins vegar. Hækkun innri leigu milli fjárhagsáætlunar 2021 og fjárhagsáætlunar 2022 er 3,46%.

Breyting Vísitölu neysluverðs milli ársloka (%)	2021	2022
Vísitala neysluverðs innan ársins	1,14%	5,01%

Efnahagshorfur

Síðustu 15 mánuðir eiga sér enga hliðstæðu í íslensku efnahagslífi. Kórónaveirufaraldurinn hefur haft áhrif á starfsemi fyrirtækja í nær öllum atvinnugreinum sem leiddi til fjölda uppsagna auk þess að stór partur af vinnuafli fór á hlutabótaleiðina. Aukið atvinnuleysi hefur að mestu verið vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins á þjónustugreinar og mun bati í atvinnustigi að mestu fylgja auknum fjölda ferðamanna næstu árin. Jafnframt eru efnahagshorfur til næstu ára jákvæðari vegna dreifingar á bóluefni.

Verg landsframleiðsla dróst saman um 6,6 % á árinu 2020 en spá Hagstofu gerir ráð fyrir 2,6% hagvexti í ár og að vöxturinn verði kraftmeiri á næsta ári eða 4,8%. Hagvöxtur verður svo 3,8% árið 2023 og á bilinu 2,1-2,7% árin 2024-2026. Áhrif faraldursins á einkaneyslu var mikill vegna aukins atvinnuleysis og langvarandi samkomutakmarkanna en það vó á móti að útgjöld sem áður fóru í ferðalög erlendis voru ráðstafað í neyslu innanlands. Búist er við að einkaneyslan taki við sér og verði 2,3% í ár og 4,1% árið 2022.


Hægjast mun á vexti samneyslunnar á næsta ári en vöxtinn í fyrra má rekja til viðbragða stjórnvalda við faraldrinum. Gert er ráð fyrir að vöxturinn verði í kringum 1% árin 2021-2022 en síðan tekur við samdráttur árin 2023-2025. Fjárfesting tekur við sér eftir samdrátt í fyrra og eykst um 5% að meðaltali 2021-2023 en verður svo á bilinu 2,1-3,1% út spátímabilið.

Í spánni er gert ráð fyrir að heildarútlutningur vara og þjónustu aukist um rúm 10% í ár og um tæp 17% árið 2022 og heldur svo áfram að vaxa út spátímann samhliða því að ferðaþjónustan nær fyrri styrk. Samhliða mun innflutningur taka við sér vegna aukinnar innlendrar eftirspurnar og er spáð að vöxturinn í ár verði um 9%. Árið 2022 er spáð 12,5% vexti um leið og ferðum Íslendinga til útlanda fjölga og innlend eftirspurn eykst.

Atvinnuleysi mældist 6,4% á síðasta ári og minnkaði atvinnuþátttaka um 1,6%-stig frá 2019 og hefur aldrei mælst lægri. Skráð atvinnuleysi mælist 8,4% núna í maí og hefur dregist saman um 3,4%-stig frá sama mánuði 2020. Atvinnuleysi á landinu mun ná hámarki á árinu og verða 7,8% en samhliða bjartari horfum í hagvexti mun atvinnuleysi minnka næstu árin og verður 6,4% á næsta ári og 5,5% árið 2022.

Sé litið til Reykjavíkur þá hefur almennt atvinnuleysi aukist mikið undanfarin 2 ár en hefur þó minnkað frá því í mars 2021. Meðalatvinnuleysi var 9% árið 2020 en mælist núna 9,7% í maí 2021. Inn í þessum tölum er ekki atvinnuleysi vegna minnkaðs starfshlutfalls. Þrátt fyrir að spá um að hagvöxtur glæðist á þessu og næstu árum verður atvinnuleysi þó áfram nokkuð hátt sögulega séð.


Fjöldi starfandi í Reykjavík hefur fækkað í síðustu 8 ársfjórðungum miðað við sama ársfjórðung fyrra árs. Á höfuðborgarsvæðinu hefur hlutfall starfandi verið að síga síðustu ár og er núna vel undir langtíameðaltali. Meðalfjöldi unninna vinnustunda á höfuðborgarsvæðinu árið 2020 lækkaði einnig vegna faraldursins og var tæpar 37 stundir á viku en var að meðaltali 38,8 stundir síðustu 5 ár á undan. Búast má við að stundunum fækki í kjölfar styttingu vinnuvikunnar sem kom til framkvæmda í upphafi árs.



Vísitala neysluverð hækkaði um 2,8% að meðaltali frá fyrra ári. Innfluttar vörur voru helsti drifkraftur verðbólgu á síðasta ári en lækkanir á heimsmarkaðsverði olíu og lág alþjóðleg verðbólga héldu aftur af frekar hækkunum á

innfluttum vörum. Í febrúar hækkaði vísitalan um 4,1% frá fyrra ári og hefur verðbólgan ekki verið hærri frá 2013 en verðbólgan í upphafi árs 2020 var óvenju lág sem á þátt í að ársverðbólga mælist núna há. Hagstofan reiknar með að tólf mánaða breyting verðbólgu lækki þegar líður á árið og að verðbólga á árinu verð 3,2% að meðaltali. Gengisáhrifin munu fjara út og reiknað er með því að verðbólgan verði við verðbólguþröng Seðlabanka Íslands út spátímann. Gengi krónunnar lækkaði nokkuð hratt þegar kórónaveirufaraldurinn reið yfir og veiktist gengið um tæp 10% á síðasta ári en hefur verið nokkuð stöðugt undanfarið. Gert er ráð fyrir að gengi krónunnar styrkist lítillega næstu tvö ár með batnandi horfum í ferðaþjónustu.

Mikið líf var á íbúðamarkaði í fyrra. Kaupsamningum fjölgaði um 15% og jókst velta með íbúðarhúsnæði um tæp 23%. Þetta hefur valdið því að dregið hefur úr framboði á húsnæði og samhliða því hefur eftirspurn aukist og myndast hefur þrýstingur á íbúðaverð. Íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 4,8% í fyrra miðað við 2019. Vísbendingar eru að umsvif á byggingarmarkaði hafi dregist saman sé litið til minni innflutning á byggingarefni og að starfandi í byggingariðnaði fækkaði um tæp 8% á fyrstu tíu mánuðum 2020. Hagstofan gerir ráð fyrir að íbúðafjárfesting dragist saman um 6,7% á þessu ári en svo taki við tæplega 6% árlegur vöxtur frá 2022-2024. Hagstofan birtir ekki spá um íbúðarverð en Arion banki spáir því að raunverð íbúðarhúsnæðis hækki að meðaltali um tæp 3% frá 2021 og til og með 2023.



Verðvísitala atvinnuhúsnæðis hefur lækkað í síðustu 5 ársfjórðungum miðað við fyrra ár eftir að hafa hækkað 22 ársfjórðunga í röð og lækkaði í fyrra um 11,2% að meðaltali frá fyrra ári. Auk þess hefur fjöldi kaupsamninga með atvinnuhúsnæði fækkað mikið síðustu 2 ár og hafa í raun aldrei verið færri frá því að mælingar hófust. Ekki liggur fyrir spá um verð á atvinnuhúsnæði.

Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,5% og hefur hækkað um samtals 5,1% fyrstu fimm mánuði ársins. Launahækkarnir samkvæmt kjarasamningum voru núna í janúar og verða ekki aftur fyrr en í janúar 2022. Hagstofan gerir ráð fyrir launavísitalan verði 7,1% í ár og 5,4% árið 2022 en verður svo í kringum 4,2% út spátímabilið.

Mikil óvissa ríkir um efnahagsþróun og geta margir óvissuþættir haft áhrif á forsendur Hagstofu. Þar ber helst að nefna framkvæmd og áhrif bólusetninga, framvindu heimsfaraldursins, þróun ferðaþjónustu, alþjóðlegar efnahagshorfur og þróun íbúðarmarkaðs.

Vegna samdráttar í hagkerfinu og óhagstæðari þróun helstu tekju- og útgjaldaliða borgarinnar er mikilvægt að fjárhagsáætlun borgarinnar fyrir árið 2022-2026 geri ráð fyrir áframhaldandi aðhaldi í rekstri til að takast á við núverandi efnahagsaðstæður.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Borgarráð

Rammaúthlutun Reykjavíkurborgar 2022

Lagt er til að eftirfarandi fjárhagsrammar verði samþykktir fyrir svið borgarinnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir árið 2022:

Tafla 1: Fjárhagsrammar fagsviða Aðalsjóðs og Eignasjóðs

Aðalsjóður	Upprunaleg áætlun 2021	Viðbætur	Rammi 2022
Fjármála og áhættustýringarsvið (FAS)	1.379.594	36.723	1.416.317
Íþrótt- og tómstundasvið (ÍTR)	9.323.060	439.580	9.762.640
Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	5.563.135	121.634	5.684.769
Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)	306.478	12.875	319.353
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu (RHS)	1.657.233	36.567	1.693.799
Skóla- og frístundasvið (SFS)	58.971.622	1.711.789	60.683.410
Umhverfis- og skipulagssvið (USK)	9.415.331	187.752	9.603.083
Velferðarsvið (VEL)	28.902.357	2.415.775	31.318.131
Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON)	2.354.598	79.646	2.434.244
Rammaúthlutun 2022	117.873.407	5.042.340	122.915.747

Eignasjóður nettó fyrir afskriftir og fjárm. liði	Upprunaleg áætlun 2021	Viðbætur	Rammi 2022
Eignaskrifstofa (ESK)	-20.323.193	2.413	-20.320.779
Umhverfis- og skipulagssvið ES (USKES)	3.040.375	440.688	3.481.062
Verkefnastofa þróunarmála (VST)	-3.357.605	1.997	-3.355.608
Rammaúthlutun 2022	-20.640.423	445.098	-20.195.325

Jafnframt er lagt til að borgarráð feli fagsviðum og miðlægum skrifstofum að hefja vinnu við gerð fjárhagsáætlunar næsta árs og næstu fimm ára.

Greinargerð

Heimsfaraldur af völdum COVID-19 veirunnar hefur haft mikil áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar. Hröð kólnun í hagkerfinu og á vinnumarkaði leiddi til þess að tekjur borgarinnar voru töluvert undir áætlun árið 2020. Samkvæmt mælingum Hagstofunnar var samdráttur í fjölda starfandi í Reykjavík um 5,0% árið 2020 og þá jókst fjöldi atvinnulausra úr

3.530 í 8.606 á milli ársloka 2019 og 2020. Á undanförunum mánuðum hafa þó verið vísbendingar um viðsnúning í hagkerfinu en samkvæmt nýjustu spá Hagstofunnar frá mars sl. er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 2,6% árið 2021 og 4,8% árið 2022. Í peningamálum Seðlabankans frá 19. maí sl. er gert ráð fyrir enn meiri hagvexti eða 3,1% árið 2021 og 5,2% árið 2022. Spár annarra greiningaraðila liggja á svipuðum slóðum. Í þessum spám er gert ráð fyrir að ferðapjónustan taki við sér og að fjöldi ferðamanna verði í kringum 600-800 þúsund á þessu ári og verði svo um 1,3-1,5 milljónir árið 2022.

Við blasir að áhrif kórónuveirufaraldursins á rekstur borgarinnar verði enn töluverð á þessu ári og næsta. Þannig gerir fjárhags- og fimm ára áætlun ráð fyrir að A-hluti verði rekin með halla í ár og á næsta ári. Það er á þessum grunni sem Reykjavíkurborg leggur fram útfærslu rammaúthlutunar fyrir árið 2022. Aðhald verður viðvarandi í rekstri borgarinnar og gert ráð fyrir 1% hagræðingu í rekstri sviða og miðlægrar starfsemi. Meðal þess verði stuðst í auknum mæli við stafræna umbreytingu, miðlæg innkaup og gerð verði greining á nýtingu húsnæðis í rekstri borgarinnar með sparnað og aukna samnýtingu í huga í samræmi við aðgerðaráætlanir sem gerðar hafa verið.

Rammaúthlutun fyrir árið 2022 er lögð fram á grunni þeirra leiðarljósa og markmiða sem koma fram í fjármálastefnu Reykjavíkurborgar og þeirrar viðspyrnu sem sett er fram í græna planinu, sóknaráætlun Reykjavíkurborgar. Minnt er á að útfærsla fjárhagsáætlunar er eitt helsta stjórnþæki borgarstjórnar til að koma áherslum sínum og stefnumörkun í framkvæmd. Það er í anda þess sem stjórnendum fag- og kjarnasviða er falið að leggja sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði við undirbúning frumvarps að fjárhagsáætlun:

- Leiðarljós við undirbúning fjárhagsáætlunar verði grænar áherslur, sjálfbærni til skemmri og lengri tíma, betri rekstur og skilvirk þjónusta.
- Fjárfest verði í stafrænni umbreytingu og notkun nýrrar tækni og kallað eftir skýrum áformum um samhliða breytingar. Áhersla verði á nýsköpunar- og þróunarverkefni með fjárhagslegan ávinning að leiðarljósi til framtíðar. Verkefni verði valin og fjármögnuð með hliðsjón af arðsemi þeirra og áhrif á verkferla og vinnubrögð.
- Aukin áhersla verði á miðlæg innkaup og þannig náð hagræðingu í rekstri.
- Húsnæðiskostnaður og nýting húsnæðis í rekstri og þjónustu borgarinnar verði rýnd, m.a. með samnýtingu og sparnað að leiðarljósi.
- Mannauðs- og starfsþróunar svið vinni markvisst að greiningu og viðbrögðum vegna veikinda og fjarvista með hliðsjón af innleiðingu af styttingu vinnuvikunnar í samráði við fag- og kjarnasvið.
- Unnið verði að eðlilegum breytingum á þjónustu borgarinnar samhliða og í takt við innleiðingu styttingar vinnuvikunnar.
- Fjárfestingaráætlun verði útfærð í samræmi við fyrirliggjandi forgangsöröðun í tíu ára áætlun og Græna planinu.
- Markvisst verði unnið með atvinnulífi, fyrirtækjum og ríkinu að því að tryggja fjárfestingarverkefnum framgang og tryggja að tíma- og tekjuáætlanir varðandi þróun nýrra svæða og úthlutun lóða gangi eftir. Áhersla verði lögð á virka samvinnu um þróun borgarlandsins og þau tækifæri sem því tengist við tekjuöflun og fjárhag borgarinnar til framtíðar.

Við undirbúning rammaúthlutunar hafa komið fram að fag- og kjarnasvið Reykjavíkurborgar ásamt miðlægum skrifstofum meta viðbótarskuldbindingar sínar að fjárhæð um 8 ma.kr. Þessar skuldbindingar hafa ekki verið teknar inn við þessa rammaúthlutun nema að litlum hluta. Sviðunum er falið ásamt fjármála- og áhættustýringarsviði að rýna með ítarlegum hætti viðkomandi útgjaldaþörf, hvað séu óumflýjanlegar úrbætur og hverju megi hugsanlega fresta en gert er ráð fyrir að taka afstöðu til þeirra áður en frumvarp að fjárhagsáætlun verður lagt fram.

Forsendur rammaúthlutunar vegna ársins 2022 eru að öðru leyti eftirfarandi:

1. Gjaldskrár:

- 1.1. Gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækki í samræmi við áætlaða þróun verðlags árið 2021 í samræmi við nýjustu spá Seðlabankans og verðlagsforsendur fjárhagsáætlunar 2022 eða um 4,1%. Gjaldskrár á umhverfis- og skipulagssviði endurspegli raunkostnað í samræmi við lög.
- 1.2. Innri leiga hækki um 3,46% á milli ára í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar. Tekið verði tillit til raunþróunar verðlags árið 2021 á móti gildandi áætlun ársins.
- 1.3. Gjaldskrár upplýsingatæknideildar (UTR) taki sömu breytingum og meginlínur rammaúthlutunar gera ráð fyrir, þ.e. taki mið af launahækkunum, verðbótum á samningsbundinn annan rekstrarkostnað og hagræðingarkröfu.

2. Útgjöld:

- 2.1. Launakostnaður: Gert er ráð fyrir að launahækkarnir vegna kjarasamningshækkana leiði til endurskoðunar á fjárheimildum. Nú liggja fyrir kjarasamningar við stóran hluta stéttarfélaga starfsmanna Reykjavíkurborgar.
- 2.2. Verðbætur á annan rekstrarkostnað: Gert er ráð fyrir að verðbætur komi á annan rekstrarkostnað þegar um er að ræða skuldbindingar í samningum gagnvart þriðja aðila í samræmi við forsendur fjárhagsáætlunar um 2,4% hækkun á vísitölu neysluverðs. Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið í samstarfi við sviðin að áætla fjárhæðir vegna samningsbundinna skuldbindinga.
- 2.3. Hagræðing: Gert er ráð fyrir hagræðingu sem nemur 1% af launakostnaði. Hagræðing er reiknuð á fjárheimildir sem fyrir eru í ramma sviða. Á þetta við um öll fag- og kjarnasvið borgarinnar ásamt miðlægri starfsemi. Ekki er reiknuð hagræðing á innri leigu en gerð er krafa um sambærilega hagræðingu á samninga við þriðja aðila sem falla ekki undir samningsbundnar skuldbindingar.
- 2.4. Innri leiga: Gert er ráð fyrir að aukning á innri leigu og verðbætur, 3,46%, komi í ramma. Fjármála- og áhættustýringarsviði er falið að taka saman upplýsingar um breytingar á innri leigu vegna ársins 2022. Gert er ráð fyrir að verðlags- og magnáhrif vegna leigu samgöngumannvirkja verði bætt með sama hætti.
- 2.5. Við rammaúthlutun er ekki ráðstafað til velferðarsviðs vegna bundinna liða, fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings en gert verður ráð fyrir fjármagni vegna þessara liða við framlagningu frumvarps.

Gerð er krafa um að fagsviðin skili nákvæmri útfærslu á forsendum tekna og útgjalda, magni og einingaverðum, fyrir alla þjónustuþætti við endanleg skil á drögum að fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.

Næstu skref við undirbúning fjárhagsáætlunar 2022 felast í því að sviðsstjórar og skrifstofustjórar miðlægra skrifstofa undirbúa tillögu til borgarstjóra að fjárhags- og starfsáætlun til næsta árs og næstu fimm ára. Fagráð rýna og skoða hvort tilefni er til að breyta forgangsörðun og áherslum í ljósi þessarar rammaúthlutunar.

Skilafrestur sviða á drögum að fjárhagsáætlun ársins 2022 er 20. september nk. Gert er ráð fyrir að frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar vegna ársins 2022 og fimm ára áætlun vegna áranna 2022-2026 verði lagt fram í borgarstjórn þriðjudaginn 2. nóvember nk. og afgreitt úr borgarstjórn eftir síðari umræðu þriðjudaginn 7. desember 2021.

Sjá nánari útfærslu fjárheimilda fyrir hvert svið í viðauka.

Dagur B. Eggertsson

VIÐAUKI:

Nánari útfærsla á römmum sviða er eftirfarandi:

Tafla 2: Fjármála- og áhættustýringarsvið

Fjármála- og áhættustýringarsvið (FAS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	1.379.594
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á innri leigu	5.054
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	0
Kjarasamningsbundnar launahækkanir	53.414
Hagræðing 1% á laun	-11.412
Viðauki 2021: Flutningur verkefna vegna KFS frá FAS til MAR	-14.731
Viðauki 2021: Námsleyfi	1.012
Skuldbindingar: Rafrænt útboðskerfi	2.625
Hækkun matarkostnaðar í stjórnsýsluhúsum	761
Rammaúthlutun 2022	1.416.317

Tafla 3: Íþróttá- og tómstundasvið

Íþróttá- og tómstundasvið (ÍTR)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	9.323.060
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-37.220
Verðbætur á innri leigu	112.067
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	80.212
Kjarasamningsbundnar launahækkanir	216.818
Hagræðing 1% á laun	-29.923
Viðauki 2021: Námsleyfi	2.650
Viðauki 2021: DÝR	3.822
Viðauki 2021: Nýr samningur við KSÍ vegna Laugardalsvallar	7.700
Viðauki 2021: Hækkun á Microsoft leyfum	7.261
Sundlaug Úlfarsárdal	102.218
Framlög til skíðasvæðanna	8.616
Tekjuaukning eftir Covid	-34.800
Hækkun matarkostnaðar í stjórnsýsluhúsum	158
Rammaúthlutun 2022	9.762.640

Tafla 4: Mannauðs- og starfsþróunarsvið

Mannauðs- og starfsþróunarsvið (MOS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	306.478
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á innri leigu	0
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	0
Kjarasamningsbundnar launahækkanir	9.744
Hagræðing 1% á laun	-2.809
Viðauki 2021: Námsleyfi	184
Mannauðsráðgjafi vegna starfsfólks af erlendum uppruna	5.637
Hækkun matarkostnaðar í stjórnsýsluhúsum	119
Rammaúthlutun 2022	319.353

Tafla 5: Menningar- og ferðamálasvið

Menningar- og ferðamálasvið (MOF)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	5.563.135
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-5.516
Verðbætur á innri leigu	20.948
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	45.554
Kjarasamningsbundnar launahækkunar	84.241
Hagræðing 1% á laun	-17.626
Viðauki 2021: Sinfóníuhljómsveit Íslands, hækkað framlag	9.459
Viðauki 2021: Hækkun á Microsoft leyfum	11.622
Viðauki 2021: Námsleyfi	1.713
Menningarmiðstöð í Úlfarsárdal	26.019
Aukning tekna eftir Covid	-55.000
Hækkun matarkostnaðar í stjórnsýsluhúsum	220
Rammaúthlutun 2022	5.684.769

Tafla 6: Skóla- og frístundasvið

Skóla- og frístundasvið (SFS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	58.971.622
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-131.627
Verðbætur á innri leigu	359.290
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	35.100
Kjarasamningsbundnar launahækkunar	1.095.814
Hagræðing 1% á laun	-410.135
Viðauki 2021: Undirbúningstímar leikskóla inn í ramma	229.582
Viðauki 2021: Ný einhverfudeild	19.826
Viðauki 2021: Flutningur RHS yfir á SFS, vegna kynningar og vefmála	14.299
Viðauki 2021: Námsleyfi	26.696
Viðauki 2021: Fjölgun um 1 í Arnarskóla og verðhækkun	23.851
Viðauki 2021: Breyting á fjölda barna í leikskóla	201.974
Fjölgun barna um 4 í Arnarskóla	76.770
Breyting á fjölda barna í leikskóla	155.778
Fjölgun barna í frístundastarfi	10.045
Fjölgun fatlaðra barna í frístundastarfi	3.792
Hækkun matarkostnaðar í stjórnsýsluhúsum	733
Rammaúthlutun 2022	60.683.410

Tafla 7: Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu

Skrifstofa. miðl. stjórnsýslu (RHS)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	1.657.233
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á innri leigu	105
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	0
Kjarasamningsbundnar launahækkunar	29.951
Hagræðing 1% á laun	-13.308
Viðauki 2021: Flutningur Rannsóknarþjónustu frá PON til RHS	15.415
Viðauki 2021: Flutningur RHS yfir á SFS, vegna kynningar og vefmála	-14.299
Viðauki 2021: Flutningur verkefna vegna KFS frá FAS til MAR	14.731
Viðauki 2021: Námsleyfi	607
Viðauki 2021: Hækkun á árgjöldum til SSH	1.784
Samstarfssjóður Nuuk, Þórshöfn	1.000
Hækkun matarkostnaðar í stjórnsýsluhúsum	580
Rammaúthlutun 2022	1.693.799

Tafla 8: Umhverfis- og skipulagssvið

Umvhverfis- og skipulagssvið (USKRRK)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	9.415.331
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-47.455
Verðbætur á innri leigu	21.363
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	40.096
Kjarasamningsbundnar launahækkanir	134.281
Hagræðing 1% á laun	-6.170
Viðauki 2021: Námsleyfi	4.323
Viðauki 2021: DÝR	-3.822
Viðauki 2021: Hækkun á launataxta nemanda í Vinnuskólanum	44.000
Hækkun matarkostnaðar í stjórnsýsluhúsum	1.138
Rammaúthlutun 2022	9.603.083

Tafla 9: Velferðarsvið

Velferðarsvið (VEL)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	28.902.357
Verðbætur á gjaldskrártekjur	-31.686
Verðbætur á innri leigu	54.071
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	197.012
Kjarasamningsbundnar launahækkanir	1.977.996
Hagræðing 1% á laun	-215.852
Viðauki 2021: Fablab	11.776
Viðauki 2021: Heimilislausar konur Hringbraut	26.624
Viðauki 2021: Námsleyfi	19.042
Viðauki 2021: Sameiginlegt - Búsetuúrræði vegna 2021, Frá ÖNN á VEL	308.086
Fjölgun notenda í félagslegri heimbjónustu	67.732
Hækkun matarkostnaðar í stjórnsýsluhúsum	974
Rammaúthlutun 2022	31.318.131

Tafla 10: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Þjónustu- og nýsköpunarsvið (PON)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	2.354.598
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á innri leigu	35.104
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	11.205
Kjarasamningsbundnar launahækkanir	60.609
Hagræðing 1% á laun	-13.728
Viðauki 2021: Flutningur Rannsóknarþjónustu frá PON til RHS	-15.415
Viðauki 2021: Námsleyfi	1.163
Hækkun matarkostnaðar í stjórnsýsluhúsum	708
Rammaúthlutun 2022	2.434.244

Tafla 11: Eignasjóður – Eignaskrifstofa

Eignasjóður - Eignaskrifstofa (ESK)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	-20.323.193
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á innri leigu	162
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	0
Kjarasamningsbundnar launahækkningar	2.976
Hagræðing 1% á laun	-725
Rammaúthlutun 2022	-20.320.779

Tafla 12: Eignasjóður – Umhverfis- og skipulagssvið

Eignasjóður - Umhverfis- og skipulagssjóður (USKES)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	3.040.375
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á innri leigu	8.209
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	68.872
Kjarasamningsbundnar launahækkningar	116.628
Hagræðing 1% á laun og annan rekstrarkostnað	-23.022
Endurgreiðsla á vsk af vinnu á byggingarstað	270.000
Rammaúthlutun 2022	3.481.062

Tafla 13: Eignasjóður – Verkefnastofa þróunarmála

Eignasjóður - Verkefnastofa þróunarmála (VST)	Fjárheimild
Upprunaleg fjárhagsáætlun 2021	-3.357.605
Verðbætur á gjaldskrártekjur	0
Verðbætur á innri leigu	0
Verðbætur á samningsbundnar skuldbindingar	0
Kjarasamningsbundnar launahækkningar	2.664
Hagræðing 1% á laun	-667
Rammaúthlutun 2022	-3.355.608